

KOLLAOGKÚLTÚRINN

kolbrun@bladid.net

„Að sníða líf sitt eftir hugmyndum annarra jafngildir því að vera þræll.

Lawana Blackwell



AFMÆLI Í DAG

Joseph P. Kennedy fjárfestir og embættismaður, 1888

Jane Addams umbótakona, 1860

METSÖLULISTI

Innlendar bækur

1. **Leyndarmálið** Rhonda Byrne
2. **Made in Iceland - ensk** Sigurgeir Sigurjónsson
3. **Spænsk íslensk orðabók - ný** Mál og menning
4. **Lost in Iceland - ensk** Sigurgeir Sigurjónsson
5. **Ensk orðabók - gul** Orðabókaútgáfan
6. **Flugdrekahlauparinn - kilja** Khaled Hosseini
7. **Viltu vinna milljarð? - kilja** Vikas Swarup
8. **Þú ert það sem þú hugsar** Guðjón Bergmann
9. **Konungsbók - kilja** Arnaldur Indriðason
10. **Íslensk dönsk / Dönsk íslensk vasaorðabók** Mál og menning

Listinn er gerður út frá sölu í Pennanum Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar dagana 29.06 – 04.09.

METSÖLULISTI

Erlendar bækur

1. **The Innocent Man** John Grisham
2. **The Secret** Rhonda Byrne
3. **Harry Potter & the Deathly Hallows** J.K. Rowlin
4. **The Afghan** Frederick Forsyth
5. **Stardust** Neil Gaiman
6. **Next** Michael Crichton
7. **The Moomin Book 1** Tove Jansson
8. **The Right Attitude to Rain** Alexander McCall Smith
9. **The Bourne Ultimatum** Robert Ludlum
10. **Blind Willow, Sleeping Woman** Haruki Murakami

Listinn er gerður út frá sölu í Pennanum Eymundsson og Bókabúð Máls og menningar dagana 28.06 – 03.09.

FÖSTUDAGAR
blaðið
LÍFSSTÍLLBÍLAR


Auglýsingasíminn er
510 3744



Hafþór Yngvason „Í Hafnarhúsinu ætlum við að notfæra okkur nálægðina sem er við götuna, þar sem stórir gluggar eru eins og hlið út í borgina. Við ætlum að virkja íslenska og erlenda listamenn og fá þá til að vinna út frá tengslum safnsins og götunnar."

BLAÐIÐ/GOLLI

Fjölbreytt haustdagskrá Listasafns Reykjavíkur

Uppreisn og fagurfræði

Hafþór Yngvason segir haustdagskrá Listasafns Reykjavíkur einkennast af stórum sýningum íslenskra listamanna. Þar á meðal má nefna yfirlitssýningar á verkum Eggerts Péturssonar og Hreins Friðfinnssonar.

Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur
kolbrun@bladid.net

Listasafn Reykjavíkur hefur hauststarfsemi sína með gjörólíkum sýningum. Í Hafnarhúsinu sýnir Gjörningaklúbburinn og á Kjarvalsstöðum verður opnuð um helgina yfirlitssýning á verkum Eggerts Péturssonar og þar verður einnig sýning á lágmyndum eftir Helga Gíslason sem ekki hafa verið sýndar opinberlega áður. Í Norðursal Kjarvalsstaða verður sýning og opin listsmiðja um byggingarlist fyrir ungt fólk.

Uppreisn gegn hefðunum

„Þessar sýningar eru í anda þeirrar stefnu sem ríkir í þessum tveimur húsum," segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur. „Sýning Gjörningaklúbbsins er spennandi fyrir þá sem vilja sjá ákveðna uppreisn og sýning Eggerts er einstaklega falleg. Muninum á sýningum í Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum má kannski líkja við það þegar menn eru í stórri borg eins og Boston og ætla sér á myndlistarsýningu. Þeir sem vilja uppreisn gegn hefðunum velja að fara í Institute of Contemporary Art en þeir sem vilja einfaldlega gera sér dagamun og sjá vandaða sýningu fara í Museum of Fine Arts. Við erum að reyna að byggja upp þennan mun þannig að fólk geti fundið sýningar við sitt hæfi."

Hafþór segir haustdagskrá safnsins einkennast af stórum sýningum íslenskra listamanna. Í D-sal Hafnarhússins munu Jóhannes Atli Hinriksson og Karlotta Blöndal sýna verk sín. Í nóvembermánuði verður Margrét Blöndal með innsetningu. Í sama mánuði sýnir Birgir Snæbjörn Birgisson á Kjarvalsstöðum seríu af ljósum myndum af ljóshærðum fegurðardrottningum.

Sú sýning sem sennilega mun vekja mesta athygli er sýning í Hafnarhúsinu á verkum eftir Hrein Friðfinnsson, en þetta er sama sýning og var í einu helsta safni Bretlands, Serpentine, og vakti gríðarlega athygli þar í landi. „Þessi sýning samanstendur af verkum eftir Hrein frá Finnlandi, Hollandi, Frakklandi, Íslandi, Englandi og víðar. Þarna er mikið af verkum sem hafa aldrei áður sést á Íslandi," segir Hafþór. „Hreinn er vel þekktur á meginlandi Evrópu en sýningin í Serpentine var svo að segja fyrsta kynning á honum í Englandi. Metaðsókn var að sýningunni sem er stórmerkilegt miðað við að þar í landi er hann svo að segja óþekktur, og dómarnir voru frábærir."

Tengsl safns og götu

Hafþór segir að það sé þáttur í stefnu Listasafns Reykjavíkur að nýta Hafnarhúsið og Kjarvalsstaði betur. „Á Kjarvalsstöðum ætlum við að nota forsalina meira. Birtan þar inni er mjög skemmtileg og höggmyndir njóta sín þar vel. Í Hafnarhúsinu ætlum við að notfæra okkur nálægðina sem er við götuna, þar sem stórir gluggar eru eins og hlið út í borgina. Við ætlum að virkja íslenska og erlenda listamenn og fá þá til að vinna út frá tengslum safnsins og götunnar. Þessi hugmynd getur tekið á sig alls kyns form, listaverk geta til dæmis teygt sig út á strætið fyrir framan Tryggvagötuna eða verið í gluggunum.

Það er munur á þessum tveimur húsum, Kjarvalsstöðum og Hafnarhúsinu. Kjarvalsstaðir voru byggðir í anda módernismans til að útiloka umhverfið og skapa annað umhverfi innan dyra þar sem fólk getur einbeitt þér algjörlega að listaverkunum. Í Hafnarhúsinu viljum við opna gluggana og taka umhverfið inn í salinn."

20% afsláttur
af öllum vörum
MIÐVIKUDAG, FIMMTUDAG,
FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
VERIÐ
Sængurfataverslun, Glæsibæ • Sími 552 0978
www.damask.is
Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 10-16.

MENNINGARMOLINN

Kurosawa deyr

Á þessum degi árið 1998 lést japanski leikstjórinn Akira Kurosawa, 88 ára gamall. Kurosawa naut virðingar um allan heim fyrir gríðarlega vandaðar og vel hugsaðar kvikmyndir sem er sjónræn nautn að horfa á. Enginn sem horfir á myndir Kurosawa getur komist hjá því að verða var við þá ríku mannúðarstefnu sem einkennir myndir hans.

Hann varð á unga aldri fyrir miklum áhrifum af bandarísku leikstjórunum John Ford, William Wyler og Howard Hawks. Hann leikstýrði fyrstu kvikmynd sinni árið 1943 og vakti heimsathygli árið 1950 fyrir mynd sína Rashomon sem fjallaði um afstæði sannleikans. Evrópskir og bandarískir leikstjórar urðu margir fyrir miklum áhrifum af Kurosawa og meðal eldheitra aðdáenda eru George Lucas, Steven Spielberg og Francis Ford Coppola.

